



HÉRAÐSDÓMUR  
REYKJANESS

D Ó M U R

23. mars 2011

Mál nr. S-862/2010:  
Ákærandi: Ríkissaksóknari  
(*Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir aðstoðarsaksóknari*)

Ákærði: X  
(*Jón Egilsson hdl.*)

Dómari: Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 23. mars 2011 í máli nr. S-862/2010:

**Ákærvaldið**

*(Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir aðstoðarsaksóknari)*

**gegn**

**X**

*(Jón Egilsson hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 3. mars 2011, er höfðað með ákæru útgefinni af ríkissaksóknara 12. október 2010 á hendur X, kt. [...], , fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa, föstudaginn 1. janúar 2010, að Bryggjuvör 1, Kópavogi, slegið A, ítrekað í höfuðið með barefli, með þeim afleiðingum að hann hlaut mar á hægri augabrun, hægri augnkrók og á hægri efra augnloki og mar á hnakka.

Þetta er talið varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins en til vara er þess krafist að háttsemi hans verði heimfærð undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og honum verði ekki gerð refsing. Til þrautavara er gerð krafa um vægustu refsingu er lög leyfa. Þá krefst verjandi ákærða hæfilegrar þóknunar sér til handa.

## I.

Hinn 4. janúar 2010 lagði A fram kæru hjá lögreglu á hendur ákærða vegna líkamsárásar 1. janúar 2010. Samkvæmt lögregluskýrslu skýrði hann frá því að hafa verið staddur í samkvæmi að Bryggjuvör 1 í Kópavogi. Á milli klukkan 17 og 18 hefðu ákærði, C „stóri“ og þriðji aðili ráðist inn í íbúðina. Þeir hefðu allir verið með kylfur. Í samkvæminu hefðu einnig verið B, D, E og F. Þau hefðu reynt að halda við hurðina svo þeir kæmust ekki inn í íbúðina en þeir hefðu náð að ryðjast inn. Ákærði hefði slegið kæranda með kylfu um leið og hann hafi komist inn í íbúðina. Höggið hefði lent við hægri gagnauga hans þannig að skurður hefði myndast. Kærandi kvaðst hafa vankast við höggið. Eftir þetta hefðu ákærði og C „stóri“ sparkað nokkrum sinnum í hann, í höfuð og líkama. Þriðji maðurinn, sem hafi verið með ákærða, hefði ekki ráðist á kæranda. Strax eftir árásina hefðu ákærði og félagar hans yfirgefið íbúðina. Kærandi kvaðst hafa farið á slysadeild daginn eftir árásina. Þá sagði kærandi að ákærði hefði ráðist á sig vegna gamalla deilna.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 20. maí 2010 sagði ákærði að kærandi málsins hafi lagt hann í einelti undanfarin fimm ár, með hótunum, skemmdarverkum og líkamsárásum. Ákærði kvaðst hafa verið staddur í samkvæmi hjá vinkonu sinni 1. janúar 2010 að Bryggjuvör 1 í Kópavogi. Kærandi hefði komið þangað og verið ógnandi í sinn garð. Þetta hefði endað með því að þeir hefðu farið inn í eitt herbergið til að ræða málin. Þeir hefðu deilt harkalega þar inni en ekki hafi verið um líkamleg átök að ræða. Ákærði hefði farið fram á að kærandi léti sig framvegis í friði og hætti ofsóknum sínum. Eftir að ákærði hefði rætt við kæranda í herberginu hafi hann yfirgefið samkvæmið. Ákærði neitaði því að hann hefði ruðst inn í íbúðina eða verið með kylfu. Hann hefði ekki lent í neinum átökum við kæranda. Jafnframt sagði ákærði að það væru samantekin ráð hjá vitnum í málinu að koma honum í vandræði vegna deilna ákærða og kæranda. Jafnframt sagði ákærði að húsráðandi væri fyrrverandi kærasta sín og samband þeirra hefði ekki beint endað með góðu. Aðspurður hvort einhverjir hefðu komið með ákærða kvaðst hann hafa verið þarna einn. Enginn hefði verið með honum en vinur hans C hefði verið staddur í samkvæminu. C hefði engin afskipti haft af deilum ákærða og kæranda.

Við skýrslutökuna hjá lögreglu greindi ákærði frá því að daginn eftir, 2. janúar 2010, hefði verið brotist inn heima hjá honum og þar valdið eignaspjöllum. Fyrir liggur lögregluskýrsla lögreglumanns, G, sem kallaður var á vettvang vegna umrædds innbrots. Í skýrslu lögreglumannsins segir m.a. að ákærða gruni að A hafi verið þarna að verki. Þá segir í skýrslunni: „Ástæðan fyrir því að hann gruni A sé sú að hann hafi hitt A í heimahúsi í Kópavogi á nýársnótt og hafi hann ráðist á A og barið hann ... hann og A séu búnir að elda grátt silfur í um 5 ár og hafi hann þess vegna lamið A þegar hann hitti hann í húsinu í Kópavogi á nýársnótt.“ Einnig liggur fyrir skýrsla H lögreglumanns þar sem segir m.a. að ákærði hefði skýrt frá því að A hefði veist að honum í samkvæmi á nýársdagsmorgun og ákærði fengið nóg, hringt í félagu sinn I og farið inn og lamið A. Ákærði hefði sagt að hann hefði gengið í skrokk á A og farið svo.

Að beiðni verjanda ákærða hafa verið lögð fram gögn í málinu um ýmis samskipti ákærða og A. Þar á meðal er dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá [...] 2007, í máli nr. S-[...], þar sem A er sakfelldur fyrir líkamsárás 26. febrúar 2005 á hendur ákærða samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá liggur fyrir að ákærði lagði fram kærú á hendur A fyrir líkamsárás 7. ágúst 2005, en málið var fellt niður hjá lögreglustjóra þar sem það sem fram kom við rannsókn málsins þótti ekki nægjanlegt eða líklegt til sakfellis. Einnig liggur fyrir færsla í dagbók lögreglu frá 20. mars 2009 þar sem ákærði tilkynnti að A hefði haft í hótunum við sig.

## II.

Í vottorði J, sérfræðings í slysa- og bráðalækningum við Landspítalann, dags. 13. janúar 2010, segir að A hafi komið á slysideild 2. janúar 2010 klukkan 18 vegna líkamsárásar. Við skoðun hafi hann verið með eðlilega meðvitund og komið eðlilega fyrir. Það hafi verið lítið mar utanvert á hægri augabrún og mar yfir utanverðum augnkrók hægra megin og á efra augnloki. Mar þetta hafi verið dökkblátt. Augnkúla hafi verið eðlileg. Það hafi ekki verið grunur um brot í andlitsbeinum. Aftan á hnakka hafi verið nokkrir aumir blettir og þar hafi sést marblettir en hvergi húðrof. Við þreifingu hafi verið eymsli í herðavöðvum, meira hægra megin. Einnig hafi verið eymsli í vöðvum hægra megin við hryggsúlu aftan á hálsi. Ekki hafi verið sýnileg áverkamerki á húð þar. Við þreifingu á brjóstbaki og lendarbaki hafi verið víða eymsli en hvergi hafi verið að sjá mar eða aðrar húðbreytingar. Þá hafi hann lýst eymslum á báðum fótleggjum og lærum en engin ytri áverkamerki hafi verið sýnileg. Niðurstaða skoðunar var sú að A hafi verið með greinilegt mar á höfði og lýst óþægindum annars staðar frá og áverkarnir geti samrýmst því að hann hafi orðið fyrir höggum af einhverju tagi. Áverkar þessir séu fyrst og fremst maráverkar og ekki alvarlegs eðlis.

### III.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði kvaðst hafa verið í samkvæmi og A hafi strax byrjað að ógna honum og króa hann af. Ákærði kvaðst hafa litið svo á að A hafi ætlað að berja hann, eins og hann hafi alltaf gert er þeir hafi hist undanfarin sex ár. Ákærði hafi litið svo á að hann væri í stórhættu og flúið undan honum fram á gang og í aðra íbúð þar sem vinur ákærða, C, kallaður C, hafi verið. Þá hafi ákærði hringt og beðið I, kallaður I, um að koma. Þegar I hafi komið hafi þeir farið út í bíl hans og ákærði verið mjög óánægður vegna ofsókna A og verið ráðþrota. Ákærði kvaðst hafa margsinis reynt að tala við lögreglu en án árangurs. Ákærði og vinir hans hefðu ákveðið í bílnum að fara inn og reyna að fá A til að láta af ofsóknum sínum. Þeir hefðu bankað á hurðina og það verið opnað fyrir rest. Ákærði hefði gengið fyrstur inn en þá hefði A umsvifalaust ráðist á ákærða og átökin borist inn í herbergi. Ákærði kvaðst hafa lent undir A og C stífað þeim í sundur og A strax ráðist aftur á ákærða og C aftur þurft að taka A frá ákærða. Síðan hefðu þeir farið af vettvangi. Ákærði sagði að þegar þeir fóru inn í íbúðina hafi ekki staðið til að beita ofbeldi. Ákærði kvaðst hafa fengið högg frá A og ákærði hafi reynt að verja sig og tekið á A á móti. Þeir hafi velst um í herberginu. Ákærði neitaði því alfarið að hafa verið með barefli. Það gæti vel verið að A hafi fengið högg á sig en það hafi þá verið vegna þess að ákærði hafi verið að verja sig. Ákærði kvaðst ekki muna eftir að hafa slegið A. Þá sagði ákærði að hann hefði fengið áverka eftir A. Ákærði sagði jafnframt að hann væri tæplega 70 kg og 172 cm á hæð, en A væri a.m.k. 40 kg þyngri og vel þjálfað „sterafjall“ og hávaxnari en ákærði. Ákærði hefði

því ekkert í A og væri dauðhræddur við hann. Fram kom hjá ákærða að atvik hefðu gerst um hádegisbil, en ekki um klukkan 17 og 18 eins og A hafi haldið fram.

Um ástæðu þess að A hafi lagt hann í einelti sagði ákærði að eitt sinn í samkvæmi á árinu 2005 hafi vinkona ákærða orðið fyrir ónæði af hálfu A. Ákærði hefði vísað A út og nokkrum tímum síðar hefði A komið aftur. Ákærði hefði beðið A um að fara en þá hafi A lamið hann í hnakkann með glerkrús. A hafi verið ákærður fyrir líkamsárás, sbr. dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá [...] 2007.

Aðspurður um framburð sinn hjá lögreglu 20. maí 2010, um að ákærði og A hefðu deilt harkalega inni í herberginu en ekkert tekist líkamlega á, sagði ákærði að sig hefði ekki órað fyrir því að A gæti snúið málinu á þennan veg og látið vitni ljúga. Ákærði hefði talið að málið yrði afgreitt hjá lögreglu sem rifrildi milli manna og kæra A fengi sömu meðhöndlun og kærur ákærða á hendur A, en ekkert hafi komið út úr þeim. Einnig var ákærði spurður af hverju hann hefði ekki skýrt frá því að hann hefði farið út úr samkvæminu í Bryggjuvör 1 og komið aftur og svaraði ákærði á sömu leið og fyrr, að það hefði ekki hvarflað að sér að það væri hægt að snúa málinu á þann veg að ákærði væri gerandi. Þá sagði ákærði að hann hefði ekki viljað blanda fólki sem honum þætti vænt um inn í málið.

Þegar bornar voru undir ákærða lögregluskýrslur vegna innbrots á heimili ákærða 2. janúar 2010, þar sem segir að ákærði hafi sagt að hann hefði barið A á nýársnótt, sagði ákærði að orð hans hefðu verið slitin úr samhengi og hann hefði ekki sagt þetta.

Vitnið A skýrði frá því að ákærði hefði farið úr umræddu samkvæmi og svo hringt í vitnið og beðið það um að koma út og tala við sig. Vitnið hefði ætlað að fara út og þegar það hafi komið að dyrunum hafi hurðinni verið sparkað upp og vitnið fengið kylfuhögg í hausinn með þeim afleiðingum að það hafi fengið skurð og dottið. Svo hafi spörk dunið á vitninu. Nánar um högg sem vitnið hefði fengið sagði vitnið að ákærði hefði barið sig hvað eftir annað í andlitið með kylfu. Vitnið kvaðst hafa grúft sig niður og það fengið í sig spörk. Vitnið sagði að það hefði dottið inn í herbergi sem var rétt hjá. Þá sagði vitnið að C hefði einnig sparkað í sig en í öðru herbergi hafi I staðið á móti E með hamar til að koma í veg fyrir að hann gæti komið vitninu til hjálpar. Aðspurt hvernig kylfu ákærði hafi verið með sagði vitnið að það hafi verið trékylfa sem hefði verið í minna lagi. Vitnið taldi að það hefði fengið innan við 10 högg með kylfu en það hefði fengið fleiri spörk. Um afleiðingar árásarinnar sagði vitnið að það hefði fengið stóran skurð, kúllur á höfuð og mar. Aðspurt um samskipti vitnisins og ákærða fyrr um kvöldið sagði vitnið að ákærði hefði spurt: „Þú hér?“ Vitnið hefði svarað játandi og spurt hvort þeir ættu ekki að gleyma gömlum deilum sínum en ákærði sagt að vitnið væri mongólíti, rokið út og komið svo aftur með féлага sína. Vitnið kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis en það myndi atvik vel. Fram

kom að árásin hefði gerst um klukkan 17 eða 18. Vitnið neitaði því að hafa lagt ákærða í einelti en þeir hefðu rifist og eitt sinn lent saman. Eftir það hafi ákærði verið kallaður illum nöfnum af ákærða og vitnið lent í því að hrækt hafi verið á það. Vitnið neitaði því að hafa brotist inn hjá ákærða eftir umrædda árás. Um líkamsburði sína sagði vitnið að það væri 178 cm á hæð, 85 kg og í góðri þjálfun.

Vitnið *F*, húsráðandi að Bryggjuvör 1, kvaðst muna atvik illa vegna þess að langt væri um liðið og vitnið hafi verið ölvað. Umrætt sinn hafi verið samkvæmi hjá vitninu og það farið til dyra en þá hefðu ákærði og einhverjir menn ruðst inn. Vitnið kvaðst ekki hafa séð átök en þeir hefðu farið inn í herbergi. Þá sagði vitnið að það hefðu verið læti þarna og A verið með sár við augað. Vitnið kvaðst ekki hafa séð barefli. Þegar vitnið var innt eftir framburði sínum hjá lögreglu 16. apríl 2010, þar sem vitnið sagði að sig minnti að ákærði og félagar hans hefðu haldið á einhverjum prikum, sagði vitnið að það myndi þetta ekki. Um tengsl sín við A sagði vitnið að það hefði þekkt hann í nokkur ár, en hann væri kunningi vitnisins og ákærði einnig.

Vitnið *B* kvaðst hafa verið í samkvæmi að Bryggjuvör 1 á nýársnótt. Vitnið hefði farið úr samkvæminu en svo komið aftur ásamt K, en þá hafi allt verið í upplausn. A og E hafi hlaupið að útidyrhurðinni og öskrað: „Þeir eru komnir, þeir eru komnir.“ Þeir hefðu legið á hurðinni þangað til henni hafi verið sparkað upp og þrír menn ruðst inn með kylfur. Einn af þessum mönnum hafi verið ákærði og hann hafi veist að A en hinir tveir hafi ekki gert neitt nema passað upp á að enginn gæti hjálpað A. Vitnið sagði að þetta hefði verið mjög „brútal“ . Vitnið kvaðst hafa séð hnefahögg og spörk, aðallega í andlitið. Allt hefði farið í háaloft og vitnið ásamt öðrum reynt að komast á milli þeirra. Þá sagði vitnið að m.a. hefði sófaborð brotnað. Ákærði og A hefðu svo endað inni í herbergi. Vitnið kvaðst ekki hafa séð hvað gerðist þar en þegar vitnið hafi litið þar inn hafi verið blóð á veggjum og rúminu. A hafi verið mjög illa farinn í framan en vitnið hefði ekki séð áverka á ákærða. Jafnframt sagði vitnið að annar mannanna sem hefði verið með ákærða hafi verið í herberginu og hann hafi gripið inn í ef A hafi náð að verja sig eða svara til baka. Mennirnir hefðu svo hlaupið út. Aðspurt hvernig kylfur mennirnir hafi verið með sagði vitnið að sig minnti að tveir mannanna hefðu verið með litla járnörbúta. Innt eftir því hvort ákærði hafi verið með barefli kvaðst vitnið ekki muna það. Vitnið sagði að bareflin hefðu fyrst og fremst verið notuð til að ógna viðstöddum og halda þeim frá frekar en að þeim hafi verið beitt í líkamsárásinni. Vitnið kvaðst hafa hreinsað áverka á A, en hann hafi verið með stóra sprungu og verið bólgin og öðrum megin í andlitinu og það hafi blætt töluvert mikið. Vitnið kvaðst þekkja A frekar vel, í gegnum sameiginlega vini. Þá kvaðst vitnið hafa heyrt eftir á að ákærði og A hafi lengi eldað grátt silfur saman og ákærði kært A fyrir líkamsárás. Vitnið sagði jafnframt að það hefði ekki verið undir áhrifum áfengis. Aðspurt um tímasetningu árásarinnar sagði vitnið að það gengi ekki með klukku og

gæti því ekki sagt nákvæmlega til um það en það héldi að atvik hefðu átt sér stað seinnipart nýársdags. Borinn var undir vitnið framburður þess hjá lögreglu 23. apríl 2010 um að það hefði séð ákærða slá A með kylfunni nokkur högg og því hefði fundist hann miða á höfuð A en vitnið hefði ekki séð nákvæmlega hvar þessi högg hefðu lent á líkama A. Vitnið sagði að þetta gæti vel passað en það hefði munað atvik nákvæmar þegar það gaf skýrslu hjá lögreglu.

Vitnið *K* kvaðst hafa heyrt læti við útidyrnar og hópur manna viljað komast inn en húsráðandi ekki verið á því að hleypa þeim inn. Svo hefðu brotist út slagsmál í dyrunum. Vitnið sagði að það hefði staðið frekar aftarlega og ekki skipt sér af þessu, en vitnið hefði séð að ákærði og tveir menn með honum hafi verið komnir inn. Ákærði hefði ráðist á A og þeir slegist eitthvað inni í herbergi. Mennirnir tveir sem komu með ákærða hefðu varnað öðrum að fara inn í herbergið. Vitnið sagði að ákærði og mennirnir hefðu komið með barefli eða einhvers konar kylfur, en vitnið gæti ekki lýst þeim sérstaklega. Þeim hefði verið haldið á lofti og ekki farið á milli mála að þeim yrði beitt ef viðstaddir á ganginum myndu skipta sér af málinu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð A sleginn með barefli, en eftir að ákærði og mennirnir hafi verið farnir hafi vitnið séð A blóðugan í andliti. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða „vaða í“ A og um leið hafi þeir oltið inn í herbergi. Vitnið kvaðst þekkja A í gegnum sameiginlega vini.

Vitnið *E* sagði að ákærði og tveir vinir hans hefðu ruðst inn í umrædda íbúð með því að sparka hurðinni upp og ráðist á A. Þeir hefðu verið með kylfur með sér og vitnið hefði séð A sleginn einu höggi í höfuðið með kylfu og honum verið hent inn í herbergi. Vitnið hefði ekki séð hvað gerðist inni í herberginu en heyrt öskur. Ákærði og vinir hans hefðu svo hlaupið út. Einnig skýrði vitnið frá því að A hefði verið með áverka í andliti eftir þetta, nánar tiltekið mar og hann hefði verið blóðugur, en hann hafi verið með skurð. Aðspurt hvernig kylfa þetta hafi verið kvaðst vitnið ekki muna það, þetta hefði verið eitthvert barefli. Einnig kom fram hjá vitninu að það hefði sótt hamar þegar ákærði og A voru inni í herberginu en ekki notað hann. Vitnið kvaðst hafa staðið með hamarinn á móti I, vini ákærða, sem hafi verið með barefli í hendi. Vitnið skýrði einnig frá því að ákærði og A hefðu rifist eitthvað fyrr um kvöldið en það vissi ekki um hvað. Nánar um það hvernig ákærði og vinir hans hefðu ruðst inn sagði vitnið að F hefði opnað dyrnar og ætlað að tala við þá og þeir hefðu þá sparkað í hurðina. Borinn var undir vitnið framburður þess hjá lögreglu 28. apríl 2010, um að vitnið hefði séð ákærða berja A með kylfunni nokkur högg en það hefði ekki séð hvar högginn lentu á líkama A. Vitnið sagði að A hefði verið laminn einu sinni og það hafi verið í höfuðið, enda hafi hann verið með skurð. Það væri ekki rétt lýsing að A hafi ítrekað verið barinn í höfuðið með barefli. Um tengsl sín við ákærða og vitni í málinu sagði ákærði að F væri kærasta vitnisins. B væri vinkona vitnisins og A félagi þess. K og L væru einnig félagar vitnisins og vitnið hefði kynnst ákærða þarna.

Vitnið *C*, vinur ákærða, kvaðst hafa verið í samkvæmi í sama húsi og ákærði og vitnið hitt ákærða fyrir utan húsið. Ákærði hefði sagt að *A* hefði ráðist á sig og vitnið hvatt ákærða til að ræða við hann og fá hann til að hætta þessum látum og láta ákærða í friði. Vitnið hefði farið upp ásamt ákærða og hann og *A* hefðu byrjað að slást en *A* hefði ráðist á ákærða. Þeir hefðu svo bara hætt. Vitnið kvaðst hafa slitið *A* ofan af ákærða en vitnið ekki náð að halda honum og hann stokkið aftur á ákærða. Vitnið neitaði því að hafa ruðst inn í íbúðina. Það hafi verið opnað fyrir þeim og ráðist á ákærða um leið og hann hafi komið inn. Þá neitaði vitnið því að þeir hefðu verið með barefli, en einhver hefði slegið vitnið með hamri. Vitnið kvaðst ekki hafa séð áverka á *A* en ákærði hefði verið með bitfar. Vitnið sagði að það væri ekki rétt að ákærði hefði slegið *A* ítrekað í höfuðið með barefli, eins og honum er gefið af sök í ákæru. Fram kom hjá vitninu að atvik hefðu átt sér stað um hádegið.

Vitnið *I*, vinur ákærða, skýrði frá því að ákærði hefði hringt í sig um hádegi á nýársdag og beðið vitnið um að sækja sig. Bróðir ákærða hefði verið í heimsókn hjá vitninu og þeir farið að sækja ákærða. Ákærði hefði komið út í bíl ásamt *C* og ákærði verið í uppnámi, en hann hafi verið langþreyttur vegna eineltis *A* og liðið illa vegna þess. Það hafi orðið úr að vitnið, ákærði og *C* hafi farið inn til að ræða við *A* um að láta af ofsóknum sínum. Þegar þeir hafi verið rétt komnir inn hafi ákærði og *A* spjallað saman í nokkrar sekúndur og svo hafi *A* ráðist á ákærða með hálstaki. Það hafi verið mikil öskur og ringulreið og leikurinn borist inn í herbergi. Vitnið kvaðst hafa verið frammi á ganginum og ekki séð hvað gerðist í herberginu. Einnig sagði vitnið að einhver félagi *A* hefði verið með hamar. *C* hefði stokkið inn í herbergið og komið með ákærða út skömmu síðar eftir að hafa slitið ákærða og *A* í sundur. Þeir hefðu svo farið út. Vitnið neitaði því að hafa verið með barefli eða hamar og ákærði og *C* hefðu heldur ekki verið með barefli. Einnig neitaði vitnið því að hafa varnað fólki að komast inn í herbergið. Þá sagði vitnið að útidyrnar hefðu verið opnar og þeir ekki ruðst inn. Aðspurt hvort *A* hafi verið með áverka sagði vitnið að hann hefði verið með úfið hár og tættur en hann hefði ekki verið með áverka. Ákærði hefði hins vegar verið með bitfar á hendinni. Vitnið sagði að þetta hefði litið út fyrir að vera mjög saklaust uppgjör.

Vitnið *M*, bróðir ákærða, kvaðst kannast við *A* frá því fyrir um 10 árum, en þeir hafi verið kunningjar. Vitnið sagði að ákærði hefði orðið fyrir hótunum o.fl. af hálfu *A*. Um hádegi á nýársdag hefði ákærði hringt í vitnið til að láta ná í sig. Vitnið hefði farið til að ná í hann og svo beðið úti í bíl á meðan ákærði hafi farið, ásamt *C* og *I*, til að ná tali af *A* og fá hann til að láta af árásum og hótunum. Ákærði hafi svo komið aftur lemstraður og verið með bitsár í margar vikur. Vitnið neitaði því að þeir hefðu verið með vopn eða barefli. Vitnið kvaðst hafa verið allsgáð.

Vitnið *L* greindi frá því að það hefði verið í sama samkvæmi og ákærði og A, en vitnið væri vinur húsráðanda. Vitnið hefði legið uppi í sófa í stofunni þegar bankað hafi verið á hurðina og nokkrir strákar farið til dyra. Vitnið kvaðst hafa heyrt læti frammi og staðið upp og litið fram. Vitnið hefði þá séð A, E, I og einn annan í stypingum. Vitnið kvaðst hafa horft á þá í smátíma með öðru auganu. Vitnið sagði að það hefði ekki séð nein barefli en E hefði verið með hamar. Þegar vitnið var beðið um að lýsa átökunum sagði vitnið að þeir hefðu verið í einum hóp og allir að ýta hver við öðrum. Þá hefðu átökin borist inn í herbergi og vitnið ekki séð hvað gerðist þar. Aðspurt hvort A hefði verið með áverka eftir þetta kvaðst vitnið ekki muna eftir því. Þegar borinn var undir vitnið framburður vitna um að A hefði verið með skurð og áverka sagði vitnið að hann hefði verið „eitthvað útitekinn“ eftir þetta. Einnig var vitnið spurt um viðbrögð annarra á vettvangi og sagði vitnið að enginn æsingur hefði verið þarna en „fólk var eitthvað að tala saman“. Aðspurt hvort einhver hefði reynt að hindra viðstadda í að fara inn í herbergið til ákærða og A kvaðst vitnið ekki hafa orðið vart við það. Um tengsl sín við A og ákærða sagði vitnið að það þekkti A þar sem þeir byggju í sama hverfi en ákærði væri vinur bróður vitnisins.

Vitnið *G* lögreglumaður, sem ritaði lögregluskýrslu vegna innbrots hjá ákærða, sagði að langt væri um liðið og það myndi ekki nákvæmlega hvað ákærði hefði sagt, en hann hefði sagt að sig grunaði A um innbrotið. Þegar vitnið var innt eftir því sem segir í skýrslunni, um að ákærði hefði sagt að hann hefði barið A á nýársnótt, sagði vitnið að það gæti vel verið að vitnið hefði snúið þessu við en það hafi verið að rannsaka innbrotið en ekki líkamsárás. Vitnið sagði að ekki hefðu fundist sönnunargögn sem tengdu A við innbrotið. Blóð hefði fundist á vettvangi og það verið sent utan til rannsóknar en niðurstaðan hafi verið neikvæð.

Vitnið *J* lækni, sem skoðaði A við komu á slysadeild 2. janúar 2010, sagði að áverkar A samrýmist því að hann hafi orðið fyrir höggum af einhverju tagi, en ekki væri hægt að segja hvort þau hafi verið veitt með spörkum, áhöldum o.s.frv. A hafi verið með mar á augabrún og einnig sár, en vitninu hefði láðst að skýra frá því í fyrirliggjandi læknisvottorði. Um hafi verið að ræða smásár yst á hægri augabrún, en það hafi ekki verið saumað. Á líkama hafi ekki verið sjáanlegir áverkar en A hafi skýrt frá eymslum. Þá sagði vitnið að ekki væri hægt að segja um hversu mörg högg hafi verið að ræða en A hafi verið með nokkra marbletti. Jafnframt sagði vitnið að það væru alltaf einhverjar bólgur í kringum mar, en engum meiri háttar bólgum hafi verið lýst í sjúkaskrá. Marið hafi verið dökkblátt. Eftir tvo til þrjá sólarhringa fari mar að gulna og hefði það því getað verið sólarhrings gamalt. Vitnið sagði einnig að fyrst og fremst hafi verið um maráverka að ræða og ekki alvarlega áverka og hann hefði átt að ná sér á tveimur til þremur vikum.

#### IV.

Ákærða er gefið að sök að hafa slegið A ítrekað í höfuðið með barefli, en ákærði neitar sök. Ákærði kveður aðdraganda máls þessa vera langan en A hafi lagt hann í einelti í mörg ár með hótunum, skemmdarverkum og líkamsárásum. Eineltið eigi nánar rætur að rekja til þess að ákærði hafi vísað A eitt sinn úr samkvæmi á árinu 2005. A hafi tekið því illa og slegið ákærða í höfuðið með gleríláti. Var A sakfelldur fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás á ákærða með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá [...] 2007 í máli nr. S-[...]. Um var að ræða hegningarauka við dóm frá apríl 2007 og var A ekki gerð refsing vegna dráttar á lögreglurannsókn og útgáfu ákæru. Er ekkert annað sem liggur fyrir í málinu um að A hafi gert á hlut ákærða, en rannsókn lögreglu þótti ekki gefa tilefni til ákæru vegna annarra ásakana ákærða á hendur A. Nánar tiltekið lagði ákærði fram kæru á hendur A fyrir líkamsárás í ágúst 2005, hann tilkynnti hótanir til lögreglu 20. mars 2009 og hann hefur sakað A um að hafa brotist inn hjá sér í kjölfar atviks þess sem greinir í ákæru málsins.

Samkvæmt því sem rakið hefur verið voru ákærði og A staddir í samkvæmi 1. janúar 2010 að Bryggjuvör 1 í Kópavogi. Mikið ber á milli ákærða og A um hvað gerðist og einnig ber vitnum ekki saman um atvik, en öll vitni í málinu eru annaðhvort vinir ákærða eða brotþola, A.

Nokkurt misræmi er í framburði ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi um hvað gerðist og er þetta til þess fallið að gera framburð ákærða ótrúverðugan. Hjá lögreglu sagði ákærði aðspurður að enginn hefði komið með honum í samkvæmið en C, vinur hans, hefði verið þarna. Ákærði skýrði þannig ekki frá því að hann hefði farið út úr samkvæminu og komið aftur ásamt vinum sínum, C og I. Þá sagði ákærði hjá lögreglu að hann og A hefðu deilt harkalega en um engin líkamleg átök hafi verið að ræða. Fyrir dómi sagði ákærði hins vegar að A hefði umsvifalaust ráðist á hann þegar hann kom aftur. Ákærði hafi reynt að verja sig og tekið á móti og átökin borist inn í herbergi. Þar hafi C ítrekað reynt að taka A af ákærða. Ákærði sagði jafnframt að hann hefði hlotið áverka vegna árásar A. Ákærði neitar því alfarið að hann eða félagar hans hafi verið með barefli. Að mati dómsins verður breyttur framburður ákærða ekki skýrður með því að ekki hafi hvarflað að honum að A myndi leggja fram kæru á hendur honum. Þá verður misræmi í framburði ákærða ekki skýrt með því að ekkert myndi koma út úr kæru á hendur A, enda liggur fyrir áður nefndur dómur frá 2007 þar sem A var sakfelldur fyrir stórfellda líkamsárás á ákærða.

Framburður vina ákærða, C og I, um atvik er á sömu leið og hjá ákærða. Þeir neita því að hafa verið með barefli og segja að A hafi ráðist á ákærða. Þá segja þeir að ákærði hafi verið með áverka en ekki A. Við mat á sönnunargildi framburðar C og I verður að líta til þess að þeir eru vinir ákærða og framburður þeirra samrýmist ekki gögnum málsins, læknisvottorði þar sem lýst er maráverkum á höfði A og vitnisburði J læknis fyrir dómi um að A hafi verið með skurð við augabrún. Þykir því ekki unnt að

byggja á framburði C og I. Með sömu rökum er ekki unnt að byggja á vitnisburði L, sem er vinur bróður ákærða.

A hefur borið um atvik með sama hætti hjá lögreglu og fyrir dómi. Hann hefur lýst því að ákærði og tveir vinir hans hafi ruðst inn í samkvæmið og þeir allir verið með kylfur. Ákærði hafi strax slegið sig í höfuðið með kylfu og þá hafi hann fengið spörk í höfuð og líkama. Átökin hafi borist úr anddyrinu og inn í herbergi. A segir að ákærði hafi lamið hann með trékylfu sem hafi verið í minna lagi. Vitnisburður B styður framburð A, en vitnið lýsti því fyrir dóminum að ákærði hefði strax ráðist á A, með hnefahöggum og spörkum, aðallega í andlit. Þá lýsti vitnið því að A hafi verið með áverka eftir þetta og hann hafi verið með skurð í andliti. Einnig sagði vitnið að tveir menn hefðu verið með barefli, járnörbúta, en vitnið mundi ekki hvort ákærði hefði verið með barefli. Vitnið K sagði einnig að ákærði hefði strax ráðist á A. Vitnið sagði jafnframt að ákærði og vinir hans hefðu verið með barefli en gat ekki lýst hvernig bareflum. Þá kvaðst vitnið ekki hafa séð A sleginn með barefli en hann hefði verið blóðugur í andliti. Vitnið E lýsti því einnig að ákærði hafi ráðist á A. Ákærði og vinir hans hafi verið með kylfur en vitnið kvaðst ekki muna hvers konar kylfur þetta hafi verið. Framburður vitnisins um að ákærði hafi slegið A í höfuðið með kylfu er ekki svo skýr sem skyldi og svo virðist sem vitnið hafi dregið þá ályktun vegna þess að A hafi verið með skurð í andliti. Vitnið F, sem var húsráðandi að Bryggjuvör 1, sagði fyrir dómi að hún myndi atvik illa. Vitnið hefði ekki séð átök eða barefli en það hefðu verið læti þarna. Framburður vitnisins styður framburð A að því leyti að vitnið lýsti því að hann hefði verið með sár við augað.

Þótt vitnin B, K, E og F teljist vinir A verður ekki litið fram hjá vitnisburði þeirra um að ákærði hafi ráðist á A, enda samrýmist frásögn þeirra áverkum sem lýst er í fyrirbyggjandi læknisvottorði og vitnisburði J læknis fyrir dómi.

Þegar litið er til alls framangreinds þykir sannað að ákærði hafi slegið A ítrekað í höfuðið með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir, en þar sem óljóst er af framburði vitna hvort ákærði hafi verið með barefli og þá hvers konar barefli verður hann ekki sakfelldur fyrir þá háttsemi. Ákærði verður þannig sakfelldur fyrir líkamsárás og háttsemi hans heimfærð undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

## V.

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt sakavottorði ákærða gerðist hann sekur um fíkniefnalagabrot á árinu 2001, en það brot hefur ekki áhrif á ákvörðun refsingar nú. Af hálfu ákærða var þess krafist við aðalmeðferð málsins, yrði hann sakfelldur, að honum yrði ekki gerð refsing þar sem líkamsárásin væri unnin í áflogum. Að mati dómsins er ekkert í málinu sem bendir til þess að líkamsárásin hafi verið unnin í áflogum og líkamsárás brotþola á árinu 2005 eða deilur sem þeir kunna að eiga í geta

ekki réttlætt háttsemi ákærða. Áverkar þeir sem hlutust af árás ákærða teljast minni háttar. Að öllu þessu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í einn mánuð, sem bundin verður skilorði eins og nánar greinir í dómsorði.

#### VI.

Með vísan til 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, verður ákærði dæmdur til að greiða sakarkostnað málsins, alls 570.700 krónur. Samkvæmt yfirliti um sakarkostnað er um að ræða 31.050 krónur vegna læknisvottorðs. Þóknun verjanda ákærða þykir hæfilega ákveðin 539.650 krónur, að virðisaukaskatti meðtöldum.

Dóm þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari.

#### **D ó m s o r ð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í einn mánuð, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 570.700 krónur í sakarkostnað, þar með talda þóknun skipaðs verjanda síns, Jóns Egilssonar héraðsdómslögmanns, að fjárhæð 539.650 krónur.

Sandra Baldvinsdóttir